

Aðventan í Glerárkirkju

Á aðventu 2010 stendur hópum frá félagasamtökum, vinnustöðum, úr leikskólum og skólum sem fyrr til boða að taka þátt í skipulagðri dagskrá í Glerárkirkju. Tekið er á móti hópum frá þriðjudeginum 29 nóvember og fram til mánudagsins 12. desember. **Skráning fer fram hjá Sverri í Glerárkirkju (sverrir[hjá]glerarkirkja.is / 464 8800).** Hann gefur einnig upplýsingar um nánari tímasetningar en bókað er eftir viðhorfinu „fyrstur kemur, fyrstur fær.“ – Gjarnan skoðum við óskir um aðrar tímasetningar seinna í desember, ef slíkt hentar betur.

Fjölbreytt dagskrá er í boði og eru kennarar, forsvarsfólk vinnustaðahópa og ábyrgðaraðilar frá félagasamtökum hvattir til að kynna sér hana og taka fram við pöntun á heimsóknartíma hvaða dagskrá er óskað eftir. **Gjarnan má pússla saman fleiri en einum dagskrárlíð.** Að sjálfsgöðu er sem fyrr einnig velkomið að biðja um öðru vísi dagskrá en þá sem stungið er upp á hér (til dæmis í tengslum við það þegar íþróttahópar koma og færa gjöf til hjálparstarfsins). Í slíkum tilfellum eru viðkomandi beðnir um að hafa samband beint við þann prest/djákna sem óskað er eftir að taki á móti viðkomandi hópi. - (sr. Gunnlaugur, 864 8455, sr. Arna, 864 8456, Pétur Björgvin djákni, 864 8451).

Eftirfarandi dagskrá er í boði:

- 1. Helgistund á aðventu.** 10 – 15 mínútna helgistund þar sem fléttað er saman hversdagsleikanum, væntingum einstaklinganna, tilhlökkun barnsins og boðskapi jólanna, allt eftir aldurshópi. Helgistundir þessar eru ýmist í umsjón prests eða djákna.
- 2. Jólakortin skoðuð.** 10 – 15 mínútna gangur um anddyri kirkjunnar þar sem gömul jólakort eru til sýnis og rætt um jólakortin. Umsjón: Prestur eða djákni. (ATH: Hægt að bæta við 15 mínútum og leysa verkefni sem felst í því að finna ýmsar upplýsingar um jólakort og fleira sem tengist jólakortasýningunni.)
- 3. Pési gerist jólasveinn.** Hér er á ferðinni um 20 mínútna dagskrá þar sem djákni bregður sér í hlutverk Pésa. Pésa langar að gerast jólasveinn, hann er byrjaður að sauma búninginn en þykir sem að hann þurfi að læra meira um jólin. Í gamalli tösku sem amma hans hafði átt fann hann ýmiskonar jóladót. En hvernig þessir hlutir tengjast jólunum er honum ekki alveg ljóst og því fer hann í heimsókn til sr. Örnú. Ef hann ætlar að verða alvöru jólasveinn, hlýtur hann að þurfa að læra meira um jólin.
- 4. Aðventuljósín.** Sögð er saga af tilurð aðventukransins skv. þýskri hefð og rætt um tákn og nöfn á aðventukransi og –kertum. Dagskráin tekur 10 til 20 mínútur eftir aldri og óskum viðkomandi. Umsjón: Prestur eða djákni.
- 5. Kynning á Hjálparstarfi kirkjunnar.** 20 – 25 mínútna löng dagskrá þar sem prestur/djákni segir frá nokkrum þáttum úr starfi Hjálparstarfs kirkjunnar og sýnir myndir. (Ef við á: Tekið er á móti gjöfum til hjálparstarfsins og hópmynd tekin af viðkomandi bekk þegar þau koma færandi hendi.)
- 6. Jóluguðsspjallið og við.** Notaleg spjallstund í kapellu um jóluguðsspjallið. ATH: Aðeins fyrir litla hópa. Umsjón: Prestur eða djákni. Dagskráin tekur 10 mínútur. ATH: Hægt er að skipta hópi upp, þannig að hluti hóps sé í þessari dagskrá á meðan hinn hluti hópsins er í nr. 2 – svo er skipt.
- 7. Piparkökur og mjólkurglas.** Þeir hópar sem það kjósa (muna að bóka þennan þátt) eru boðnir í piparkökur og mjólkur- eða vatnsglas í tengslum við kirkjuheimsókn á aðventu. ATH: Ef einhver í hópnum eru með ofnæmi þá vinsamlegast takið með e-ð í staðinn fyrir piparkökurnar.

Kær kveðja, Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni – petur@glerarkirkja.is / 864 8451.